# FRÉTTABLAÐIÐ

85. TÖLUBLAÐ 16. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 12. APRÍL 2016




**Ruslahaugur á útivistarsvæði** Mikið rusl berst frá endurvinnslustöð Sorpu við Elliðavog á vinsælt útivistarsvæði þar fyrir framan sem fjölmargir nýta sér á degi hverjum. Starfsmenn á stöðinni segja almenning mega flokka betur og ganga betur frá úrgangi sem komið er með. Þeir tíni reglulega rusl utan girðingar og sérstakt átak verði einmitt í því máli í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Dældi út skúffufé á síðasta degi sínum

**Gunnar Bragi Sveinsson veitti styrki af skúffufé utanríkisráðuneytisins þann 7. apríl, daginn sem hann hætti í utanríkisráðuneytinu. Alls styrkti hann fjögur félög um samtals 950 þúsund. Aðrir ráðherrar snertu ekki sitt skúffufé. Þingmaður Bjartrar framtíðar er hissa.**

**STJÓRNSÝSLA** Gunnar Bragi Sveinsson veitti styrki úr utanríkisráðuneytinu að upphæð 950 þúsund krónur á síðasta degi sínum sem utanríkisráðherra.

Miðvikudaginn 6. apríl náðist samkomulag milli Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks um myndun nýrrar ríkisstjórnar. Um kvöldið var Gunnari Braga því orðið ljóst að hann yrði nýr ráðherra sjávarútvegs- og landbúnaðarmála. Daginn eftir sendi Gunnar Bragi þau tilmæli til ráðuneytisins að fjórum aðilum yrði tilkynnt um að þeir myndu fá styrki af skúffufé hans sem utanríkisráðherra.

Þjóðdansahópurinn Sporið fékk 250 þúsund krónur. Sömu upphæð fékk Kómedíuleikhúsið á Ísafirði. Landsbyggðarvinir fengu 150 þúsund krónur og Landgræðsla ríkisins fékk 300 þúsund krónur. Enginn hinna ráðherranna úthlutaði skúffufé sínu í síðustu viku.

Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar, hefur verið talsmaður þess að leggja skúffufé ráðherra niður. „Það á ekki að deila út almannafé á tilviljanakenndan hátt. Kunningsskapur eða aðgengi að ráðamönnum á ekki að hafa áhrif á fjárveitingar. Tímasetning þessara styrkveitinga er einnig fyrir neðan allar hellur," segir Brynhildur.

Ekki náðist í Gunnar Braga við vinnslu fréttarinnar. **- sa**

> **Tímasetning þessara styrkveitinga er fyrir neðan allar hellur.**
>
> Brynhildur Pétursdóttir, þingmaður Bjartrar framtíðar



## Koma engar upplýsingar frá Sigmundi

**STJÓRNMÁL** „Látið er eins og engar eða ónógar skýringar hafi komið fram og andstæðingar okkar endurtaka í sífellu að ég þurfi að skýra mál mitt," segir Sigmundur Davíð Gunnlaugsson í bréfi til Framsóknarmanna í gær vegna aflandsfélagsins Wintris sem skráð er á eiginkonu hans.

Fréttastofa 365 hefur kallað eftir CFC-framtölum vegna Wintris og ársreikningum félagsins en án árangurs. Þá hefur fréttastofan einnig óskað eftir upplýsingum um hversu mikið fékkst upp í kröfur Wintris í slitabú föllnu bankanna. Svör hafa ekki fengist. Sigmundur er farinn í frí frá Alþingi og hefur Hjálmar Bogi Hafliðason varaþingmaður tekið sæti í hans stað.

**– snæ, skh** **/ sjá síðu 4**

## Fréttablaðið í dag


**LÍFIÐ** Hljómsveitin Náttsól sigraði Söngkeppni framhaldsskólanna um síðustu helgi. Sömu helgi tók hljómsveitin þátt í Músíktilraunum. 26



**FRÉTTIR** Röskun hefur orðið á flugi frá því að yfirvinnubann flugumferðarstjóra tók gildi. 8

**SKOÐUN** Hrafn Ásgeirsson skrifar um málsvörn Bjarna Ben. 13

**SPORT** Verð aldrei laus við meiðslin segir Margrét Lára. 14

**TÍMAMÓT** Sigríður Þorvalds leikkona fagnar sjötíu og fimm ára afmæli sínu í dag. 16

**PLÚS SÉRBLAÐ ● FÓLK**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015


Pinex® Smelt

Munndreifitöflur 250 mg




Actavis

HVÍTA HÚSIÐ / Actavis 511072




HEILSUFRÉTTIR FYLGJA FRÉTTABLAÐINU Í DAG!

Heilsuhúsið

LÍFRÆNT RAUÐRÓFUDUFT Í HYLKJUM




„Náði kólesterólinu niður á stuttum tíma."
Jóhannes S. Ólafsson

## Veður




**Í dag** verður hæglætisveður og víða bjartviðri, en skýjað með köflum sums staðar, einkum um landið vestanvert. Hiti 1 til 10 stig að deginum, hlýjast vestantil á landinu en kaldast í innsveitum norðaustanlands. SJÁ SÍÐU 18

# Sátt náðist í ISAL-deilunni

**KJARAMÁL** Sátt náðist í kjaradeilu starfsmanna álvers Rio Tinto Alcan í Straumsvík við vinnuveitendur. Rúmlega 61 prósent þeirra starfsmanna sem greiddu atkvæði samþykktu miðlunartillögu ríkissáttasemjara. Tillagan var lögð fram þann nítjánda mars síðastliðinn en þá höfðu deilur staðið yfir í um það bil fimmtán mánuði.

Alls tóku 282 starfsmenn þátt í atkvæðagreiðslunni en 330 voru á kjörskrá. Var því rúmlega 85 prósenta kjörsókn.

Vinnustöðvun var frestað tímabundið á meðan atkvæðagreiðsla fór fram. Henni lauk klukkan fjögur í dag og var niðurstaðan kynnt hjá ríkissáttasemjara.

Guðmundur Ragnarsson, formaður VM – Félags vélstjóra og málmtæknimanna, segir erfitt að segja hvort menn séu ánægðir með niðurstöðuna en bendir á að kjaradeilan hafi staðið í fimmtán mánuði. Því hafi þetta verið „niðurstaða sem báðir aðilar kinkuðu kolli með“. Þá segir hann að um sömu launahækkanir og á almennum vinnumarkaði sé að ræða.

Fyrri kjarasamningur rann út í árslok 2014. Síðan þá hafði gengið illa að ná sáttum og fundu hafnarstarfsmenn álversins sig knúna til þess að fara í verkfall fyrr á árinu. Í stað þeirra gengu yfirmenn álversins í hafnarstörfin um tíma. – þea

> Þetta er niðurstaða sem báðir aðilar kinkuðu kolli með.

Guðmundur Ragnarsson, formaður Félags vélstjóra og málmtæknimanna.



## Þrenging hafin




Framkvæmdir eru hafnar við breytingu Grensásvegar á milli Bústaðavegar og Miklubrautar og munu þær standa yfir fram í september. Fyrirhugað er að fækka akreinum úr fjórum í tvær og auka rými fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Einnig verður gróðursett á umferðareyju milli akreina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Sautján ára drengur lést eftir bílslys

**SLYS** Sautján ára drengur sem slasaðist alvarlega í bílslysi á Holtavörðuheiði síðastliðinn laugardag lést af sárum sínum.

Tildrög slyssins voru þau að fólksbíll sem var á leiðinni norður heiðina fór út af veginum og fór nokkrar veltur. Pilturinn, sem var farþegi í aftursæti, kastaðist út úr bifreiðinni. Hann var ekki í bílbelti.

Pilturinn var fluttur á gjörgæsludeild Landspítalans þar sem hann var síðar úrskurðaður látinn.

Ökumaður bifreiðarinnar sem og farþegi í framsæti sluppu með minniháttar meiðsli.

Ekki er hægt að greina frá nafni hins látna að svo stöddu en málið er til rannsóknar hjá lögreglunni á Vesturlandi.
– þea




# Karlar í miklum meirihluta stjórnar SA

**Konur eru fimmtungur nýrrar stjórnar Samtaka atvinnulífsins eða eingöngu fjórar af tuttugu. Enginn kynjakvóti gildir innan félagasamtaka eins og innan stjórna fyrirtækja. Dapurleg ásýnd að mati framkvæmdastýru Jafnréttisstofu.**

**JAFNRÉTTISMÁL** Nýja stjórn Samtaka atvinnulífsins skipa sextán karlar en einungis fjórar konur. Auk þess er karl formaður stjórnar. Stjórnin var kjörin á aðalfundi samtakanna sem fram fór þann 7. apríl síðastliðinn. Konum í stjórninni fækkaði um eina milli ára.

Konur í stjórninni eru Guðrún Hafsteinsdóttir frá Kjörís, Margrét Sanders frá Strategíu, Rannveig Grétarsdóttir frá Hvalaskoðun Reykjavíkur og Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi.

Að sögn Björgólfs Jóhannssonar, formanns SA, tilnefna aðildarfélög SA, til að mynda Samtök iðnaðarins og Samtök félaga í sjávarútvegi, nöfn í stjórn og kjörstjórn fer yfir tilnefningarnar og svo er kosið. Fimm nýir stjórnarmenn voru kosnir inn í stjórnina á fundinum, allt karlmenn.

„Við erum ekki með reglur um kynjakvóta í stjórninni vegna þessa fyrirkomulags. Það getur alveg gerst að við förum að setja reglur um kynjakvóta. Þetta er ekki einföld ákvörðun, aðildarfélögin sem slík þurfa að koma að henni. Ég held þó að flestallir átti sig á þessu og sjái að það sé ástæða til að skoða þessi mál,“ segir Björgólfur Jóhannsson.

„Þetta er náttúrulega ekki góð ásýnd fyrir atvinnulífið en endurspeglar að það eru miklu fleiri karlar sem eiga og stjórna fyrirtækjum heldur en konur. Þetta er einn veiki hlekkurinn,“ segir Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.

Kynjakvóti gildir um stjórnir fyrirtækja en hið sama á ekki við um félagasamtök eins og Samtök atvinnulífsins. „Þó að jafnréttislögin kveði á um að það beri að jafna stöðu kynjanna sem mest þá er engin kvótaskylda á félagasamtökum. Hins vegar er þetta dapurleg ásýnd. Samtök atvinnulífsins eru mjög valdamikið afl í samfélaginu og það er greinilegt að karlarnir gefa það nú ekki eftir svo glatt.“

Kristín segir að samtökin vanti jafnréttisstefnu eða sýn í jafnréttismálum. „Þetta er eitthvað sem þarf að taka til umræðu að finnast það við hæfi að ásýnd þessara samtaka sé með þessum hætti. Þarna skortir jafnréttishugsun.“

saeunn@frettabladid.is
snaeros@frettabladid.is



**Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group og formaður SA, ávarpar gesti á aðalfundi SA.** FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Samtök atvinnulífsins eru mjög valdamikið afl í samfélaginu og það er greinilegt að karlarnir gefa það nú ekki eftir svo glatt.

Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu.




„GERIÐ ÞAÐ, TAKIÐ ÞENNAN PENING!"
HJÁLPAÐU HRÓA – TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á HHI.IS
40
MILLJÓNIR Á EINN MIÐA | DRÖGUM KL. 18.00 Í DAG
HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS
Vænlegast til vinnings
PIPAR\TBWA • SÍA • 161924

# Mynduðu stjórn um mikilvæg málefni en vita ekki hver þau eru

**ALÞINGI** Hægt mjakast í viðræðum stjórnar og stjórnarandstöðu á þingi. Stjórnarandstaðan hefur ekki fengið svör við því hvaða mál þurfi að hjálpa ríkisstjórninni með í gegnum þingið fyrir kosningar og hefur ekki verið svarað um nákvæma dagsetningu alþingiskosninga í haust.

Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar, segir það skjóta skökku við að geta ekki svarað því til hvaða mál þurfi að aðstoða stjórnina með í gegnum þingið.

„Þeir gátu hvorki svarað um dagsetningu kosninga né hvaða mál þyrfti að hjálpa þeim með. Maður skyldi ætla að að þeir gætu sagt okkur hvaða mikilvægu mál þetta séu. Ég trúi ekki öðru en að búið verði að svara þessari spurningu fyrir þingfund [í dag]. Það er erfitt að skipuleggja þingstörf ef þeir sem eiga að stjórna vita hvorki hvenær eigi að ljúka þingi eða hvað eigi að taka fyrir,“ segir Helgi. „Við gerum lágmarkskröfu um ákveðinn ramma um þingstörfin, sérstaklega eftir það sem á undan hefur gengið.“

Guðlaugur Þór Þórðarson segir nú unnið að því að sigta út þau mál sem þurfi að verða að lögum í vor og í sumar áður en gengið er til kosninga. „Á meðan sú vinna er í gangi er ekki hægt að svara fyrirspurn minnihlutans um kosningar eða fjölda mála. Næstu dagar fara í það að skoða þessi mál og vinna þau í samvinnu flokkanna í ríkisstjórn og í samtölum við stjórnarandstöðuna,“ segir Guðlaugur Þór.

Ríkisstjórnin kom saman í gær til fyrsta fundar og voru þar þrjú mál rædd. Þar ræddi Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra Panamaskjölin og viðbrögð stjórnvalda við þeim. Bjarni var einn þeirra sem var nefndur í umræddum skjölum, og innanríkisráðherra, Ólöf Nordal. – sa

> Við gerum lágmarkskröfu um ákveðinn ramma um þingstörfin, sérstaklega eftir það sem á undan hefur gengið.



Helgi Hjörvar, þingflokksformaður Samfylkingarinnar

> Næstu dagar fara í það að skoða þessi mál og vinna þau í samvinnu flokkanna í ríkisstjórn.



Guðlaugur Þór Þórðarson, varaformaður þingflokks Sjálfstæðisflokksins

## Jákvæðari eftir brotthvarfið

**STJÓRNMÁL** Tónninn í erlendum fjölmiðlum varð jákvæðari þegar leið á umfjöllun um tengsl forsætisráðherra við Wintris, ekki síst þegar fjallað var um mótmæli á Austurvelli og þegar ný ríkisstjórn tók við. Þetta kemur fram í samantekt utanríkisráðuneytisins um fjölmiðlaumfjöllunina og áhrif hennar á orðspor og ímynd Íslands sem Lilja Dögg Alfreðsdóttir, nýr utanríkisráðherra, kynnti á ríkisstjórnarfundi í morgun. Mat ráðuneytisins er „að til skemmri tíma litið hafi ímynd og ásýnd Íslands á alþjóðavettvangi ekki beðið umtalsverðan hnekki þrátt fyrir talsverða ágjöf“. – skh, þea



Lilja Dögg Alfreðsdóttir utanríkisráðherra

## Margrét Blöndal ráðin kosningastjóri

**STJÓRNMÁL** Dagskrágerðarmaðurinn Margrét Blöndal hefur óskað eftir leyfi frá störfum hjá RÚV til þess að starfa sem kosningastjóri í komandi forsetakosningum. Þetta staðfestir hún í samtali við Fréttablaðið. Margrét var ekki tilbúin til þess að staðfesta fyrir hvaða frambjóðanda hún starfaði en sagði hann þó vera „virkilega góðan kandídat“. – þh



Margrét Blöndal útvarpskona

# Dýrt að sækja í Vesturbæinn

**Gríðarlegur munur getur verið á leiguverði vestan og austan við Kringlumýrarbraut. Fermetraverðið er langhæst í Vesturbæ og á Seltjarnarnesi. Að meðaltali er tæplega þrjátíu þúsund króna munur á leiguverði.**

**HÚSNÆÐISMÁL** Ef leigjandi vill spara sér aurinn borgar sig að leigja í úthverfum Reykjavíkur. Gríðarlegur munur getur verið á leiguverði vestan og austan við Kringlumýrarbraut, ódýrast er að leigja á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ.

Til að leigja þriggja herbergja áttatíu og fimm fermetra íbúð í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar og á Seltjarnarnesi þarf par með tvö börn að vera með 747 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á mánuði. Parið þarf töluvert lægri ráðstöfunartekjur til að leigja á Kjalarnesi eða í Mosfellsbæ, eða 692 þúsund krónur.

Ef barnlaust par hyggst leigja tveggja herbergja sextíu fermetra íbúð á höfuðborgarsvæðinu þarf það 502 þúsund krónur í ráðstöfunartekjur á mánuði til að leigja í vesturhluta Reykjavíkur, en töluvert minna eða 460 þúsund krónur til að leigja á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ.

Samkvæmt neysluviðmiðum velferðarráðuneytisins má áætla að par með tvö börn, annað í leikskóla, hitt í grunnskóla og í mötuneyti og gæslu eftir skóla, eyði 554.190 krónum á mánuði án húsnæðiskostnaðar. Barnlaust par eyðir samkvæmt viðmiðum 349.302 krónum á mánuði án húsnæðiskostnaðar.

Fermetraverðið er langhæst í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar og á Seltjarnarnesi hvort sem litið er til tveggja eða þriggja herbergja íbúðar. Ef leigjandi vill spara sér aurinn lækkar leiguverð verulega við það að fara í úthverfi.

Lítill munur er á leiguverði í Kópavogi, Garðabæ og Hafnarfirði og svæðum Reykjavíkur sem eru lengra frá miðbænum, til dæmis í Grafarvogi og Breiðholti. Þegar litið er til þriggja herbergja íbúða sést að gríðarlegur munur er á því að leigja í Reykjavík vestan Kringlumýrarbrautar og á Seltjarnarnesi eða milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar. Að meðaltali er tæplega þrjátíu þúsund króna munur á leiguverði, það munar álíka miklu að búa á Kjalarnesi og í Mosfellsbæ eða í Reykjavík milli Kringlumýrarbrautar og Reykjanesbrautar. saeunn@frettabladid.is

### Hvað þarf par að hafa í ráðstöfunartekjur á mánuði til að eiga fyrir leigu?

■ Tveggja herbergja 60 fermetra íbúð ■ Þriggja herbergja 85 fermetra íbúð




**Heimild:** *Þjóðskrá Íslands. Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis síðastliðna þrjá mánuði*

**747.000**

**krónur þarf par að vera með í ráðstöfunartekjur á mánuði til að leigja vestan Kringlumýrarbrautar og á Seltjarnarnesi.**






# Tunglförin kostaði 17 þúsund milljarða

**EFNAHAGSMÁL** Á verðlagi dagsins í dag kostaði Apollo-áætlunin, eða það að koma fólki til tunglsins, sem nemur tuttugu og fimm földum fjárlögum Íslands. Það gerir um 17.000 milljarða íslenskra króna.

Kostnaðurinn dreifðist yfir áratug og nemur 3,4 prósentum af fjárlögum Bandaríkjanna í ár og fimmtungi útgjalda þeirra til hernaðar á ári.

Menn hafa ekki farið til tunglsins síðan árið 1972. Ekki er sami áhugi og áður á að fara til tunglsins vegna þess að ekki er pólitískur vilji til þess. Þar að auki er mun dýrara að senda fólk til tungsins en vélmenni.

Þetta segir Björn Berg Gunnarsson, fræðslustjóri VÍB. Hann ásamt Sævari Helga Bragasyni, formanni Stjörnuskoðunarfélags Seltjarnarness, heldur fyrirlestur um fjármál NASA og ESA og framtíðina í geimferðum. – sg



Kostnaðurinn við Apollo-áætlunina dreifðist yfir tólf ár að sögn Björns Bergs. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

CITROËN

# VORDAGAR CITROËN

Ráðgjafar okkar eru í sérstöku samningsstuði í dag
– nýttu tækifærið





| C1 | C3 | C4 Cactus | C4 | C4 Picasso | Grand C4 Picasso |
|---|---|---|---|---|---|
| Verð frá 1.849.000 kr. | Verð frá 2.290.000 kr. | Verð frá 2.690.000 kr. | Verð frá 2.990.000 kr. | Verð frá 3.740.000 kr. | Verð frá 4.090.000 kr. |



Taktu þátt í leiknum

## #VertuCactus!

Kaktusar eru harðgerðir, lifa á nánast engu og verja sig á snjallan hátt. Það sama má segja um Citroën C4 Cactus.

**Taktu mynd af þér með Citroën C4 Cactus og þú gætir unnið gjafabréf frá Icelandair að verðmæti 200.000 kr.**

Settu #VertuCactus við myndina þína og birtu á Facebook, Instagram eða Twitter og þú ert með í leiknum. Heppinn þátttakandi verður dreginn út 6. maí.

## ÚRVAL GLÆSILEGRA CITROËN BÍLA

**Komdu og skoðaðu úrval glæsilegra Citroën bíla. Ýmis vortilboð í gangi – nú er tækifærið.** Citroën bílar eru þekktir fyrir hagnýta hönnun, sparneytni og lágan rekstrarkostnað. Þar að auki eru þeir sérstaklega glæsilegir og nýstárlegir.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE

citroen.is

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17 og laugardaga kl. 12-16
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050

Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

brimborg

Öruggur staður til að vera á

## Enginn enn í forsetaframboði

**KOSNINGAR** Þrátt fyrir að dágóður hópur hafi að undanförnu kynnt áform um að bjóða sig fram til embættis forseta Íslands hefur enn engin tilkynning um framboð borist til innanríkisráðuneytisins.

Framboðsfresturinn rennur út á miðnætti föstudaginn 20. maí 2016. Þá verða fimm vikur til kjördags sem er laugardagurinn 25. júní.

„Við gerum varla ráð fyrir að formlegar tilkynningar um framboð berist fyrr en í lok þessa frests. Enginn hefur tilkynnt hingað til um framboð eða tilkynnt um tilskilin gögn,“ segir í svari frá Jóhannesi Tómassyni, upplýsingafulltrúa innanríkisráðuneytisins.

Eins og fram hefur komið þurfa forsetaframbjóðendur að skila meðmælum með framboði sínu frá minnst 1.500 kosningabærum mönnum.

„Framboðum til forsetakjörs skal skila til innanríkisráðuneytisins, ásamt samþykki forsetaefnis, nægilegri tölu meðmælenda og vottorðum yfirkjörstjórna um að meðmælendur séu kosningabærir,“ segir um forsetakosningarnar á vefnum kosning.is.

Enn fremur segir að gert sé ráð fyrir því að yfirkjörstjórnir auglýsi í byrjun maí hvar og hvenær þær taki við meðmælendalistum til staðfestingar á kosningabærni meðmælenda. **– gar**

**» Framboðsfrestur rennur út á miðnætti föstudaginn 20. maí 2016.**

## Heimsækja Hírósíma



Utanríkismálastjóri Evrópusambandsins og utanríkisráðherrar Kanada, Bretlands, Ítalíu, Frakklands og Þýskalands, ásamt John Kerry, utanríkisráðherra Bandaríkjanna, lögðu í gær blómsveig að minnisvarða um þá sem fórust þegar kjarnorkusprengju var varpað á japönsku borgina Hírósíma í seinni heimsstyrjöld. Kerry er æðsti bandaríski embættismaðurinn sem heimsótt hefur borgina. NORDICPHOTOS/AFP

# Ráðherra segir ekkert rangt við að græða

Cameron bregst við Panama-skjölunum með því að boða strangari viðurlög við skattsvikum. Osborne og Corbyn hafa einnig birt tölur úr skattframtölum sínum. Á morgun koma embættismenn frá 50 löndum saman til að ræða viðbrögð við skjölunum og samstarf.

**BRETLAND** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, brást við uppljóstrunum úr Panama-skjölunum í gær með því að boða strangari reglur um skattsvik.

Jafnframt stóð hann fast á því að það geti ekki verið glæpur að eignast auðæfi: „Við eigum að verja rétt allra breskra ríkisborgara til þess að græða peninga,“ sagði hann á þingi, þar sem hann svaraði gagnrýni vegna tengsla við aflandsfyrirtæki föður síns.

Hann segist sjálfur hafa selt öll hlutabréf sín árið 2010, þegar hann tók við embætti forsætisráðherra. Ástæðan hafi verið sú að hann hafi viljað tryggja að enginn hagsmunaárekstur gæti orðið: „Einfaldasta og skýrasta leiðin til að gera það var að selja öll hlutabréfin mín.“

Cameron birti um helgina yfirlitstölur úr skattframtali sínu. Hann sagði þetta nauðsynlegt en fordæmalaust. Hins vegar eigi ekki að vera nauðsynlegt að allir þingmenn fylgi þessu fordæmi, en sterk rök séu fyrir því að bæði forsætisráðherra og fjármálaráðherra, ásamt leiðtoga stjórnarandstöðunnar og fjármálaráðherra skuggastjórnar stjórnarandstöðunnar eigi að birta opinberlega upplýsingar úr skattframtölum sínum.

Í gær kom í ljós að Jeremy Corbyn, leiðtogi Verkamannaflokksins, hafði skilað skattskýrslu sinni viku eftir að skilafrestur rann út þann 31. janúar síðastliðinn, og þurfti að greiða hundrað pund í sekt fyrir vikið.

Corbyn birti svo afrit af skattskýrslu sinni í gær, meðan Cameron var í ræðustól.

David Osborne, fjármálaráðherra í ríkisstjórn Camerons, birti einnig tölur úr skattframtali sínu í gær.

Á morgun koma embættismenn frá nærri fimmtíu löndum saman í París á vegum OECD til að ræða hvernig bregðast eigi við upplýsingunum úr Panama-skjölunum.

Ætlunin er að efla samstarf gegn skattsvikum og auðvelda skipti á upplýsingum.

gudsteinn@frettabladid.is



David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, heldur til þings í gær þar sem hann brást við gagnrýni. NORDICPHOTOS/AFP

Fitulítil og próteinrík…

… og passar með öllu




ms

www.ms.is

№30
2016

Listahátíð
í Reykjavík

HARPA

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

# Hátindar á ferli Helga

## San Francisco ballettinn í fyrsta sinn í Eldborg



**Tryggðu þér sæti tímanlega**
Miðasala er hafin á harpa.is & tix.is

San Francisco ballettinn, undir stjórn Helga Tómassonar, sýnir valda kafla úr nokkrum af dáðustu verkum flokksins ásamt Sinfóníuhljómsveit Íslands á Listahátíð vorið 2016.

Sýningar verða 28.—30. maí í Eldborgarsal Hörpu.

Lárusson Hönnunarstofa

Stofnaðilar og bakhjarlar Listahátíðar

Mennta- og menningarmálaráðuneytið · Reykjavíkurborg · TVG-ZIMSEN Flutningsmiðlun

Styrktaraðilar viðburðar

Icelandair · Arion banki · Center Hotels · Lexus

# Flýta flugi til að forðast Keflavík

**Reykjavíkurflugvelli var lokað klukkan átta í gærkvöldi vegna yfirvinnubanns flugumferðarstjóra. Tveimur síðustu ferðum í innanlandsfluginu var flýtt. Á föstudagskvöld þurfti að lenda þremur flugvélum á Keflavíkurflugvelli og ferja farþega til Reykjavíkur.**

**KJARAMÁL** Næsti fundur í kjaradeilu flugumferðarstjóra við Isavia og Samtök atvinnulífsins fer fram í fyrramálið hjá ríkissáttasemjara. Nokkur röskun hefur orðið á innanlandsflugi frá því að yfirvinnubann flugumferðarstjóra tók gildi á miðvikudag í síðustu viku og smávægileg röskun á millilandaflugi.

Sigurður Guðnason, upplýsingafulltrúi Isavia, sem er opinbert hlutafélag sem fer með rekstur flugvalla hér á landi, segir erfitt að segja til um hversu mikið flug kunni að raskast vegna yfirvinnubannsins, það ráðist af mönnun á vöktum. Hægt hafi verið að hliðra þannig til í Keflavík að lítil áhrif hafi orðið önnur en lítilsháttar seinkun á nokkrum vélum.

Áhrifin hafa þó verið nokkur á Reykjavíkurflugvelli þar sem einn flugumferðarstjóri er á vakt eftir að dagvinnu lýkur. Frá klukkan átta á föstudagskvöld var flugvöllurinn lokaður öðru flugi en neyðar- og sjúkraflugi og vélum í almennu flugi sem lenda áttu eftir þann tíma var beint til Keflavíkur.

Hið sama átti við í gærkvöldi, en Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands, segir brottför á síðustu ferðum dagsins hafa verið flýtt um klukkustund eða svo á tveimur flugleiðum, frá Akureyri og frá Egilsstöðum.



**Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Flugfélags Íslands**

„Þær ná þá til Reykjavíkur áður en við lokum klukkan átta,“ segir hann og telur ekki ólíklegt að einhver röskun verði á flugi í kvöld líka.

Árni segir nokkurn kostnað hafa fylgt því að þurfa að lenda vélum í Keflavík á föstudaginn, en ferja hafi þurft bæði fólk og vélar til Reykjavíkur. Flugi sé hins vegar líka flýtt núna til að draga úr óþægindum fyrir farþega. „Fólk er á leiðinni til Reykjavíkur og þetta lengir þá ferðalagið.“ **olikr@frettabladid.is**

## Flugumferð og fjöldi flugumferðarstjóra 2009–2015




*Heimild: FÍF*

## Með fimmta lakasta kaupmáttinn

Kjaraviðræður flugumferðarstjóra hófust í október á síðasta ári og stefnt var að því að skrifa undir áður en samningar rynnu út í febrúar, að sögn Sigurjóns Jónasson, formanns Félags íslenskra flugumferðarstjóra (FÍF). Þegar þá hafði ekki náðst saman og ekki sást til lands í deilunni hafi henni verið vísað til ríkissáttasemjara. Þar hafi verið fundað fjórum sinnum. „Og þegar hvorki gekk né rak með viðræðurnar þá boðuðum við yfirvinnubann, en það samþykktu tæplega 95 prósent félagsmanna sem kusu,“ segir hann, en um sé að ræða vægasta vopnið sem hægt sé að grípa til.



Sigurjón segir flugumferðarstjóra standa frammi fyrir miklum landflótta í stéttinni og bæta þurfi kjör þannig að fleiri fáist til að sinna starfanum á Íslandi. Hér hafi flugumferð aukist um 80 prósent á meðan lítil fjölgun hafi orðið í hópi flugumferðarstjóra. „Við erum fastir í klóm yfirvinnu og sjáum varla fjölskylduna yfir sumarið.“ Félagið hafi látið gera samanburð í 24 löndum sem sýni að íslenskir flugumferðarstjórar séu með fimmta lakasta kaupmáttinn.

Sigurjón segir flugumferðarstjóra binda vonir við að ekki þurfi að grípa til frekari aðgerða, en eftir eigi að ræða næstu skref gangi samningaviðræðurnar treglega sem framundan eru. Töluvert beri þó enn í milli í deilunni.

GEÐVERND

**Aðalfundur**
**Geðverndarfélags Íslands**

Aðalfundur Geðverndarfélags Íslands verður haldinn **fimmtudaginn 14. apríl 2016** að Hátúni 10, jarðhæð.
Fundurinn hefst kl. 17.

**Dagskrá:** Venjuleg aðalfundarstörf.

***Stjórnin***




**ÁRSFUNDUR LANDSVIRKJUNAR 2016**
Hilton Reykjavík Nordica
Fimmtudaginn 14. apríl kl. 14

# Auðlind fylgir ábyrgð

Ársfundur Landsvirkjunar verður haldinn á Hilton Reykjavík Nordica fimmtudaginn 14. apríl kl. 14–16. Þar kynnum við fjárhag og framtíðaráætlanir fyrirtækisins og hvetjum til opinnar umræðu um þau tækifæri og áskoranir sem framundan eru. Bein útsending verður frá fundinum á landsvirkjun.is.



- **Bjarni Benediktsson** fjármála- og efnahagsráðherra
  *Ávarp*
- **Jónas Þór Guðmundsson** stjórnarformaður Landsvirkjunar
  *Ávarp*
- **Hörður Arnarson** forstjóri Landsvirkjunar
  **Ragna Árnadóttir** aðstoðarforstjóri Landsvirkjunar
  *Auðlind fylgir ábyrgð*
- **Edda Hermannsdóttir** stjórnar umræðum að fundi loknum

**Allir velkomnir**
Skráning á www.landsvirkjun.is



Landsvirkjun




LG IPS LED 4K ULTRA HD 4K Upscaler TRIPLE XD ENGINE 1600Hz PMI DVB-T2 harman/kardon NETFLIX 4K

**LG 55UF850V**

- 55" 3D Smart IPS LED sjónvarp
- Ultra HD 4K 3840 x 2160 upplausn
- 1600Hz PMI (Picture Master Index)
- Tru ULTRA HD Engine - 4K uppskölun
- Triple XD Engine / Ultra Clarity Index
- Real Cinema 24p
- Quad-Core örgjörvi
- 20W hátalarakerfi hannað af Harman / Kardon
- webOS 2.0 - Nettenging með opnum netvafra
- NETFLIX - 4K
- Wi-Fi þráðlaus móttakari innbyggður
- LG Cloud, Miracast, Wi-Fi Direct
- Stafrænn DVB-C/T2/S2 móttakari
- Innbyggður gerfihnattamóttakari
- 2 x USB 2.0 / 1x USB 3.0 tengi
- Magic Remote Fylgir
- Apple eða Android app

**199.990**

VERÐ ÁÐUR **299.990**

# SJÓNVARPSTILBOÐ

## 40% AFSLÁTTUR

## AF SOUNDBAR HEIMABÍÓI

### FYRIR ÞÁ SEM KAUPA LG 55UF850V SJÓNVARPIÐ

### - TAKMARKAÐ MAGN



LG

**LG MULTIFLOWHS9**

- Music Flow Multi-Room Soundbar 7.1 ch
- Streymdu alla tónlist og Internet útvarpsstöðvar
- 700W magnari
- 7 x 75W Soundbar hátalari
- 175W þráðlaust bassabox
- Spotify / Google Cast
- Innbyggt Wifi / Ethernet
- Bluetooth 4.0
- Hi-Fi DAC 24 Bit/192 Khz
- Smartphone Remote App og NFC
- Mesh Network - Eykur merki og stöðuleika
- Multi Room mode - Spilar úr einum hátalara eða öllu kerfinu samtímis
- AUTO MUSIC PLAY - Tengist kerfinu sjálfkrafa eftir uppsetningu
- SIMPLINK
- 4 x HDMI (3 inn, 1 út) ARC
- 2 Optical, Aux inn, USB
- Veggfesting fylgir

**99.990**

VERÐ ÁÐUR **169.990**

# Sjónvarpsmiðstöðin

LG Life's Good

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# ÚRVAL NOTAÐRA BÍLA

BÍLALAND BÝÐUR BÍLA Á FRÁBÆRUM KJÖRUM!
KOMDU STRAX Í DAG OG TRYGGÐU ÞÉR GÓÐAN BÍL FRÁ BÍLALANDI!




HYUNDAI SANTA FE III PREMIUM
Nýskr. 10/12, ekinn 62 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 170420

VERÐ! 5.890 þús.




NISSAN JUKE ACENTA
Nýskr. 09/14, ekinn 11 þús km.
bensín, sjálfskiptur
Rnr. 143339
VERÐ kr. 3.090 þús.




PEUGEOT 3008
Nýskr. 02/15, ekinn 16 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 283578
VERÐ kr. 3.890 þús.




RENAULT CLIO EXPRESSION
Nýskr. 06/15, ekinn 31 þús km.
dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 143325
VERÐ kr. 2.690 þús.




SUZUKI GRAND VITARA
Nýskr. 06/14, ekinn 60 þús km.
dísil, beinskiptur.
Rnr. 370007
VERÐ kr. 3.990 þús.




HYUNDAI ix20 COMFORT
Nýskr. 09/13, ekinn 47 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 120951
VERÐ kr. 2.950 þús.




HONDA CIVIC ELEGANCE
Nýskr. 06/15, ekinn 13 þús km.
bensín, sjálfskiptur.
Rnr. 170426
VERÐ kr. 3.790 þús.

WWW.BÍLALAND.IS
bílaland
Kletthálsi 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


# Nú þegar komin nærri loftslagsmarkmiði

**Íslensk sjávarútvegsfyrirtæki losa 29 prósent minna af gróðurhúsalofttegundum en árið 1990. Þau munu að óbreyttu uppfylla Parísarmarkmiðið og gott betur árið 2030. Gæðahugsun en ekki magnveiði skilar miklum verðmætum.**

**UMHVERFISMÁL** Íslenskur sjávarútvegur er langt kominn með að uppfylla markmið loftslagssamningsins sem Ísland og flestallar aðrar þjóðir heims settu nafn sitt við á loftslagsráðstefnunni í París í desember. Á næstu fimmtán árum, gangi allt eftir, mun losun gróðurhúsalofttegunda frá íslenska flotanum að öllum líkindum minnka töluvert umfram það markmið sem íslensk stjórnvöld hafa skrifað undir – eða að draga úr losun um 40 prósent miðað við árið 1990.

Kolbeinn Árnason, fráfarandi framkvæmdastjóri Sambands fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS), kom inn á þessi atriði og fleiri á vorfundi Landsnets í síðustu viku.

„Staðan á okkur í dag er sú, ef við tökum markmiðin frá París sem segja 40 prósent frá 1990, að við erum eiginlega nánast komin þangað. Samdrátturinn í sjávarútvegi frá 1990 er nú þegar 29 prósent, og okkar spá er, ef áfram heldur sem horfir, að við eigum tiltölulega auðvelt með að klára þessar lágmarkskröfur sem gerðar eru til okkar – að fara niður í 40 prósent. Spáin gerir ráð fyrir því að við náum að draga þetta saman um 50 prósent fyrir árið 2030,“ sagði Kolbeinn en rakti að vissulega væru losunarspár háðar óvissu.

Það er mat Kolbeins að þessi árangur hafi náðst í íslenskum sjávarútvegi vegna þess að rétt hafi verið staðið að nýtingu auðlindarinnar. Að veiða hvern fisk útheimti miklu minni orku en áður var, enda auðvelt að sækja fisk þegar jafn mikið er af honum í sjónum og raun ber vitni. Nefndi hann sérstaklega að hagræðing í sjávarútvegi hefur verið mikil – nú eru skjólstæðingar SFS að gera út 49 skip til veiðanna en þau voru 111 árið 1990. Á síðustu þremur árum hefur meðalaldur flotans lækkað að meðaltali um þrjú ár árlega og er nú 26 ár – en hann er hins vegar aðeins 18 ár í Noregi svo dæmi sé tekið.



Undanfarin ár hafa verið stigin stór skref við að yngja fiskiskipaflotann upp. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Bylting í fiskimjölsiðnaði

- Fiskimjölsverksmiðjur skýra árangur í loftslagsmálum ekki síður en breytingar á sókn og nýrri skip - ekki síst með rafvæðingu verksmiðjanna.
- Fjárfesting fyrirtækjanna við að færa fiskimjölsiðnaðinn til nútímans er 50 til 60 milljarðar á fáeinum árum, en verksmiðjunum hefur fækkað úr 22 árið 2000 í ellefu árið 2015.
- Sjö verksmiðjur geta keyrt á rafmagni alfarið, en búa við tíðar skerðingar með orku.

**Árið 1981 – 460.000 þorsktonn veidd – skila 43 milljörðum**

**Árið 2015 – 180.000 þorsktonn veidd – skila 86 milljörðum**



Kolbeinn Árnason, fráfarandi framkvæmdastjóri Sambands fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS)

„Það er mikið breytt viðhorf til þess hvernig við stundum okkar útgerð, og þá notkun á orku og sparnað. Enginn er lengur í þessu villta veiðimannaumhverfi þar sem hver og einn reynir að ná eins miklu og hann mögulega getur. Þú ert að horfa á markaðinn og kostnaðinn við veiðarnar sem gjörbreytir umhverfinu þegar kemur að orkunýtingu,“ sagði Kolbeinn en ef aðeins er horft til uppsjávarveiðanna þá kemur vel í ljós hversu mjög hefur dregið úr olíunotkun flotans. Fyrir hvert tonn af uppsjávarfiski eru í dag notaðir fimmtán lítrar fyrir hvert hráefnistonn sem kemur í land en þeir voru fjórtíu fyrir aðeins áratug. Öfgarnar í þessu birtast þegar haft er hugfast að í uppsjávarfiski eru að koma á land 500.000 til milljón tonn á ári.

svavar@frettabladid.is


## Ársfundur 2016

Dagskrá

1. Fundur settur.
2. Skýrsla stjórnar.
3. Gerð grein fyrir ársreikningi.
4. Tryggingafræðileg úttekt.
5. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt.
6. Önnur mál.

Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn þriðjudaginn 19. apríl 2016 kl. 17:00, að Hilton Reykjavík Nordica, Suðurlandsbraut 2, Reykjavík.**

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum.
Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 15.03.2016
**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**

# HOLI-HÁTÍÐ

## GLEÐI, LITIR OG DÁSAMLEGUR MATUR

**Um þessar mundir halda Indverjar hina litríku Holi-hátíð. Austur-Indíafjelagið færir þér angan af gleðinni og litadýrðinni frá Indlandi frá 17. mars til 24. apríl með ríkulegum fimm rétta HOLI hátíðarmatseðli á frábæru verði: 5.990 kr. mán.-mið. og 6.990 kr. fim.- sun.**

**Komdu og njóttu þess besta í indverskri matargerð.**
**Tryggðu þér sæti núna í s. 552 1630.**



Fimm rétta HOLI hátíðarmatseðill

*FORRÉTTUR*

**Malabar Coconut Masala Prawn**
*Pönnusteiktar risarækjur með kókosflögum, karrýlaufum, sinnepsfræjum og túrmerik*

*AÐALRÉTTIR*

**Boti Kebab**
*Lambafillet marinerað í kúmmíni, engiferi og garam masala. Grillað í Tandoori-ofninum*
og
**Murgh Khalmi Tikka**
*Kjúklingabringur marineraðar í kóríander, hvítlauk, grænu chillí, kasjúhnetum og kjúklingabaunum. Grillaðar í Tandoori-ofninum*
og
**Aloo Dum Jeera**
*Hægeldaðar kartöflur í ljúfri sósu með tómötum, lauk, kasjúhnetum og kúmmíni*

*MEÐLÆTI*

*Blanda af Naan-brauði, Raitha jógúrtsósa og Basmati-hrísgrjón*

*EFTIRRÉTTUR*

**Halu Holige**
*Heimalagaður ís borinn fram á klatta með kókossósu Eftirlæti frá kaffiplantekrunum í Coorg á Suður-Indlandi.*

5.990 kr. *mán.-mið.*
6.990 kr. *fim.-sun.*







# AUSTUR-INDÍAFJELAGIÐ

## INDIAN RESTAURANT

www.austurindia.is

**Borðapantanir: s. 552 1630** Hverfisgötu 56 Opið: Sun - Fim 17:30 - 22:00 og Fös - Lau 17:30 - 23:00

# Grísland



**Þorbjörn Þórðarson**
thorbjorn@frettabladid.is

Skuldakreppan á evrusvæðinu undirstrikar hvað frjálsir markaðir með fjármagn geta verið óútreiknanlegir og gallaðir. Grikkland er eitt besta dæmið um þetta. Með aðstoð bandaríska bankans Goldman Sachs fegruðu Grikkir bókhald sitt til að uppfylla Maastricht-skilyrðin og komast inn í myntsamstarfið um evruna. Kjör á grískum ríkisskuldabréfum höfðu verið mjög slæm en stórbötnuðu í einni svipan eftir inngöngu í myntsamstarfið þrátt fyrir að munurinn á Grikklandi 2001 og 2002 sé í raun og veru enginn. Á einni nóttu eftir upptöku evru gat Grikkland fjármagnað sig á sömu kjörum og Þýskaland, sem varð til þess að það varð gríðarlegt innflæði fjár í grískt hagkerfi. Eftir skuldakreppuna versnuðu kjörin hratt. Ávöxtunarkrafa á ríkisskuldabréf Portúgals, Ítalíu og Spánar jafnaðist út eftir 2010 en Grikkir voru í sífellt verri stöðu. Skuldakreppan dýpkaði og þeir hafa ekki bitið úr nálinni með hana.

Eftir að vandinn á evrusvæðinu kom upp hafa alls kyns spádómar litið dagsins ljós um endalok evrunnar en engir þeirra hafa ræst. Martin Sandbu færir fyrir því rök í bókinni Europe's Orphan, að hvorki evran sjálf né undirstöður hönnunar hennar séu rót vandans á evrusvæðinu. Þess í stað felist vandamálið í því hvernig ríkisstjórnir í Evrópu hafi ranglega sett endurgreiðslu skulda í forgang, fremur en aðgerðir til að örva eftirspurn í hagkerfinu. Hagsmunir lánardrottna urðu ofan á, sem varð til þess að skuldakreppan dýpkaði.

Fyrir 2008 varð gríðarlegt innflæði fjár á Íslandi í skjóli góðrar lánshæfiseinkunnar bankanna og ímyndaðrar ríkisábyrgðar. Annað gott dæmi um óútreiknanlega hegðun frjálsra markaða. Stjórnvöldum á Íslandi mistókst að gæta að fjármálastöðugleika með því að hefta innflæði fjár. Skuldastaða þjóðarbúsins varð ósjálfbær og löggjafanum var nauðugur einn kostur að beita neyðarréttinum. Það er engum vafa undirorpið að neyðarlögin hefðu verið útilokuð í myntsamstarfi um evruna. Þær gagnrýnisraddir sem segja að íslensku bankarnir hefðu ekki fengið að skuldasetja sig með þessum hætti hefði Ísland verið í ESB og í Evrópska myntbandalaginu verða býsna veikburða þegar skoðuð er staða Grikklands og að virtri þeirri staðreynd að Íslendingar gátu tekið alla þessa peninga að láni með krónuna sem ráðandi gjaldmiðil í hagkerfinu, ekki evru.

En hvaða lærdóm getum við dregið af skuldakreppunni á evrusvæðinu og okkar eigin vanda? Gylfi Zoëga, prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands og fulltrúi í peningastefnunefnd Seðlabankans, sagði í viðtali á Stöð 2 hinn 20. mars að hægt væri að reka öfluga peningastefnu með krónu. „Allt þetta tal um að skipta um myntir til þess að fá einhvern ímyndaðan veruleika í öðru landi er allt held ég á misskilningi byggt og ekki gagnlegt. Ástæðan fyrir því að þetta fór illa árið 2008 var fyrst og fremst vegna umgjarðar peningastefnunnar. Það hvort það var Jón Sigurðsson eða Eiffelturninn á peningaseðlunum var ekki aðalatriðið heldur umgjörðin og hvernig ákvarðanir voru teknar og hvernig við brugðumst við áhættum. Það að stökkva á milli að taka upp Kanadadollar einn daginn og evruna hinn daginn. Allt þetta tal er svo gagnslaust,“ sagði Gylfi í viðtalinu. Orð að sönnu hjá prófessornum.

**Það er engum vafa undirorpið að neyðarlögin hefðu verið útilokuð í myntsamstarfi um evruna.**

Opinn kynningarfundur

ÁRLEGUR FUNDUR UM UMHVERFISMÁL Á GRUNDARTANGA

Umhverfisstofnun boðar til opins kynningarfundar um niðurstöður eftirlits og umhverfisvöktunar á Grundartanga fimmtudaginn 14. apríl í félagsheimilinu Miðgarði kl 13:30.

DAGSKRÁ

SETNING FUNDARINS
- Hallfreður Vilhjálmsson frá Hvalfjarðarsveit, fundarstjóri

KYNNING Á BREYTTU FUNDAFYRIRKOMULAGI
- Sigríður Kristjánsdóttir frá Umhverfisstofnun

NIÐURSTÖÐUR EFTIRLITS OG UMHVERFISVÖKTUNAR
- Halla Einarsdóttir frá Umhverfisstofnun

ERINDI
- Einar Friðgeir Björnsson frá Norðuráli

ERINDI
- Sigurjón Svavarsson frá Elkem

NIÐURSTÖÐUR UMHVERFISVÖKTUNAR
- Eva Yngvadóttir frá Eflu

UMRÆÐUR Í LOK FUNDAR

Nánari upplýsingar á umhverfisstofnun.is

UMHVERFISSTOFNUN

## Halldór




## Frá degi til dags

**Leikhús fáránleikans**
**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson sendi flokksfélögum sínum í Framsóknarflokknum bréf í gær um Wintris-málið og síðustu daga í pólitík. Þar segir hann að andstæðingar sínir vilji hvorki heyra né skilja sannleikann um fjármál hans. Allir skattar hafi verið greiddir af eignum Wintris. En fréttastofur 365 og RÚV koma að tómum kofanum þegar beðið er um CFC-skýrslur félagsins, ársreikninga þess og upplýsingar um hversu mikið félagið hafði upp úr kröfum í bú föllnu bankanna. Gríska harmleikjaskáldið Sófókles sagði eitt sinn: „Sannleikurinn fer aldrei neinar krókaleiðir“ og líka: „Engum ber heilagri skylda til að vera löghlýðinn en þeim sem setur lögin.“**

**Óskrifað blað**
**Andri Snær Magnason rithöfundur bauð sig fram til forseta í gær. Hann hafði raunar ætlað að stíga fram fyrr, en Wintris-vikan var ekki heppilegur tími til að stela sviðsljósinu. Rithöfundurinn Þorgrímur Þráinsson er hættur við forsetaframboð en eitt af hans helstu afrekum á ritvellinum er sjálfshjálparbókin Hvernig gerirðu konuna þína hamingjusama. Þá er aðeins viðeigandi að næsti rithöfundur á framboðslistanum sé Andri. Það er ekki amalegt fyrir forseta lands að hafa skrifað bókina Draumalandið – sjálfshjálparbók handa hræddri þjóð. snaeros@frettabladid.is**

# Hvað viltu læra?



**Guðrún Hafsteinsdóttir**
formaður Samtaka iðnaðarins

Nú um stundir standa þúsundir ungmenna frammi fyrir því að velja sér námsleið að loknu grunnskólanámi. Með þeirri ákvörðun eru mörkuð skref í átt að framtíðarstarfinu. Sjaldan eða aldrei hafa möguleikar ungs fólks til menntunar verið jafn miklir og í dag. Tækifærin liggja víða. Í langan tíma hefur straumurinn legið í bóknám, það er hin hefðbundna leið til stúdentsprófs.

Mig langar að vekja athygli þína lesandi góður á því að hægt er að taka stúdentspróf en ná sér á sama tíma í starfsréttindi sem eru alþjóðleg og opna möguleika til spennandi og skemmtilegra starfa.

Í dag er hægur vandi að flétta saman iðnnámi og stúdentsprófi á sama tíma. Ímyndið ykkur hversu mikið forskot sá einstaklingur hefur sem kemur út úr framhaldsskóla tvítugur með bæði stúdentspróf og iðnmenntun í handraðanum. Atvinnumöguleikar þess einstaklings aukast til mikilla muna. Atvinnurekendur hafa tekið höndum saman um eflingu vinnustaðanáms og hafa nú tæplega 200 fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins staðfest sáttmála þess efnis að auðvelda á ungu fólki að komast á samning.

Það eru gríðarlega spennandi hlutir að gerast í atvinnulífinu nú um stundir. Mikil nýsköpun og gróska. Tækninni fleygir fram á öllum sviðum sem gerir það að verkum að eðli margra starfa í iðnaði hafa gjörbreyst. Atvinnulífið þarf á ungu og öflugu fólki að halda. Við þurfum að fá hæfileikaríka einstaklinga í okkar raðir sem geta sameinað hugvit sitt og verkvit. Þannig manneskju eru allir vegir færir.

Við leyfum okkur að fullyrða að fólk sem stendur sig vel í iðnnámi fái starf að loknu námi og það sem meira er, það mun fá góð og vel launuð störf. Ég vil hvetja jafnt foreldra sem ungt fólk sem nú stendur frammi fyrir námsvali að kynna sér allar þær fjölbreyttu starfsgreinar sem kenndar eru hér á landi. Á næstunni fá foreldrar og nemendur í 9. bekk upplýsingar sendar frá Samtökum iðnaðarins sem sýna möguleika sem bjóðast. Atvinnulífið mun taka vel á móti ungu fólki sem velur sér iðngrein.

**Ég vil hvetja jafnt foreldra sem ungt fólk sem nú stendur frammi fyrir námsvali að kynna sér allar þær fjölbreyttu starfsgreinar sem kenndar eru hér á landi.**

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir **FORSTJÓRI:** Sævar Freyr Þráinsson **ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI:** Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
**AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is*, Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is*, Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871
**FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **ÞRÓUNARSTJÓRI:** Tinni Sveinsson *tinni@365.is* **HELGARBLAÐ:** Ólöf Skaftadóttir *olof@frettabladid.is* og Viktoría Hermannsdóttir *viktoria@frettabladid.is*
**MENNING:** Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Um málsvörn Bjarna varðandi túlkun reglna um hagsmunaskráningu þingmanna



**Hrafn Ásgeirsson**
doktor í réttarheimspeki

Meðal viðbragða Bjarna Benediktssonar, fjármála- og efnahagsráðherra, við ásökunum um vanskráningu eignarhaldsfélags í hagsmunaskrá þingmanna vorið 2009 er sú afdráttarlausa fullyrðing hans að reglur um hagsmunaskráningu þingmanna nái ekki til eignarhaldsfélaga. Bjarni leggur þann skilning í orðalagið að skrá skuli „[h]eiti félags, sparisjóðs eða sjálfseignarstofnunar í atvinnurekstri, sem alþingismaður á hlut í og fer yfir [tiltekin viðmið]“ að þess sé ekki krafist að þingmenn skrái félög sem ekki eru í atvinnurekstri. Þessi málsvörn Bjarna gefur tilefni til nokkurra athugasemda.

1. Ef litið er yfir sambærilegar reglur um hagsmunaskráningu þingmanna í öðrum ríkjum – s.s. í Danmörku, Noregi, Bandaríkjunum, Bretlandi og Ástralíu – fæst ekki betur séð en að þær nái allar skýrt til eignarhaldsfélaga.
2. Þótt greina megi á um nákvæmt vægi slíks samanburðar er þó ljóst að hann skiptir sérstöku máli í tilviki dönsku reglnanna, en í upplýsingum á vef Alþingis kemur fram að íslensku reglurnar séu samdar með hliðsjón af þeim dönsku (en einnig var horft til þeirra norsku).
3. Jafnvel þótt samanburður við reglur annarra ríkja væri settur til hliðar, að dönsku og norsku reglunum meðtöldum, þá stendur eftir að orðalagið sem málsvörn Bjarna byggir á er í besta falli tvírætt – en ef raunverulegur vafi leikur á því hvort orðalagið nái til eignarhaldsfélaga virðist það eðlileg krafa til þingmanna að þeir hafi varann á og skrái slík félög. Þótt túlkun reglnanna sé í einhverjum skilningi „á ábyrgð þingmanna sjálfra“, þá bera þeir þá ábyrgð gagnvart almenningi en ekki sjálfum sér. Auk þess kemur það skýrt fram í reglunum að skrifstofa Alþingis geti veitt upplýsingar og leiðbeiningar um framkvæmd skráningar.
4. Þá er eðlilegt að gefa gaum að tiltekinni skýringarreglu sem fram kemur í athugasemdum frumvarps að stjórnsýslulögum, þótt slík lög snúi að framkvæmdarvaldi af ákveðnum toga en ekki löggjafarvaldi. Reglan er þess efnis að í vafatilvikum um það hvað teljist stjórnvaldsákvörðun beri að álykta „að lögin gildi fremur en að þau gildi ekki“ á þeim grundvelli að þegar um er að ræða samskipti stjórnvalda og borgaranna sé rétt að skýra vafatilvik „til hagsbóta fyrir borgarann“ (sjá t.d. grein Róberts Spanó um stjórnsýslurétt í greinasafninu Um lög og rétt, bls. 123). Það er við hæfi að svipuð sjónarmið ráði för við túlkun tvíræðs orðalags í reglum um hagsmunaskráningu þingmanna – reglurnar eru settar til þess að gæta hagsmuna borgaranna gagnvart þeim sem fara með löggjafarvald. Auk þess eru slíkar reglur – rétt eins og stjórnsýslulögin – lágmarksreglur um hátterni valdhafa í samskiptum þeirra við borgarana.

Það virðist því skýrt að það er á ábyrgð Bjarna – vilji hann halda þessari málsvörn til streitu – að sýna fram á það að einhverra hluta vegna séu afgerandi líkur á því að ætlunin með orðalagi íslensku reglnanna hafi verið að miðla þeim upplýsingum til þingmanna að eignarhaldsfélög séu undanskilin reglunum, ólíkt reglum annarra ríkja sem tekið hafa upp sambærilegar reglur. Ég hef ekki séð rök þess efnis í umræðunni og á afskaplega erfitt með að ímynda mér hvers konar gögn myndu gefa það til kynna yfirhöfuð og hvað þá á nægilega afgerandi hátt til þess að „trompa“ sjónarmiðin hér að ofan.

Í ljósi þessara athugasemda þykir mér einnig tilefni til þess að leggja það mat á framsetningu Bjarna á þessari tiltekna málsvörn í Kastljósi RÚV 5. apríl 2016, að hann hafi, sem þingmaður og ráðherra, talað niður til fréttamanns RÚV, og með því til almennings, þegar hann rökstuddi mál sitt með eftirfarandi orðum: „Reglur um hagsmunaskráningu tala um félög sem eru í atvinnurekstri. Það er þannig, þú skalt bara lesa þér betur til um reglurnar.“ Mér hefur margsinnis þótt Bjarni sýna vandaða getu til þess að eiga í samtali við fréttamenn og við almenning, en þessi orð bera ekki vott um þá virðingu fyrir reglum Alþingis, fréttamönnum og almenningi sem þjóðin á rétt á að kjörnir fulltrúar sýni, og eru ekki til þess fallin að skapa það margumrædda traust sem þingmönnum á Íslandi – utan stjórnar og innan – virðist bera saman um að sé meðal brýnustu verkefna íslenskra stjórnmála.



**Jafnvel þótt samanburður við reglur annarra ríkja væri settur til hliðar, að dönsku og norsku reglunum meðtöldum, þá stendur eftir að orðalagið sem málsvörn Bjarna byggir á er í besta falli tvírætt.**




Volkswagen Cross Polo er með meiri veghæð, stærri felgur og íslenskt leiðsögukerfi sem staðalbúnað.
Þegar þú vilt fara aðeins lengra og sækja í ævintýrin er Volkswagen Cross Polo bíllinn fyrir þig.

Cross Polo frá:
**3.590.000 kr.**

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Verð aldrei laus við meiðslin

**Margrét Lára Viðarsdóttir verður líklega aldrei 100 prósent laus við meiðslin sem hafa hrjáð hana undanfarin ár. Hún verður í eldlínunni með íslenska landsliðinu sem mætir Hvít-Rússum ytra í dag.**

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
eirikur@365.is



**FÓTBOLTI** Eftir nokkurra mánaða bið hefur Ísland að nýju leik í undankeppni EM 2017 en liðið mætir Hvít-Rússum ytra klukkan 15.00 í dag. Leikurinn fer fram í Minsk en þar hefur farið vel um íslensku leikmennina að sögn fyrirliðans, Margrétar Láru Viðarsdóttur.

„Hér erum við á glæsilegu hóteli og fáum frábæran mat. Það fer mjög vel um okkur. Þetta sýnir metnað hjá KSÍ sem bókar það besta fyrir okkur. Þannig á það líka að vera,“ sagði Margrét Lára við Fréttablaðið í gær.

### Stórt ár fram undan

Margrét Lára er nú aftur komin til Íslands eftir sjö ára dvöl í atvinnumennsku og þar sem tímabilið hér á landi hefst ekki fyrr en í næsta mánuði er langt síðan hún fékk að spila alvöru mótsleik.

„Loksins, segir maður bara. Það er gott að geta spilað þessa EM-leiki aftur og klárað þetta verkefni með því að komast áfram. Það er stórt ár fram undan og við erum mjög spenntar fyrir því að hefja það fyrir fullt og allt.“

### Læri að lifa með þessu

Margrét Lára á sannarlega ótrúlegan landsliðsferil að baki sem telur alls 105 leiki og 75 mörk. Það er ekki síst merkilegt í ljósi þess að hún hefur verið að glíma við þrálát meiðsli aftan í læri, mismikið þó, undanfarin átta ár. Hún segir að staða hennar sé í raun óbreytt eftir veturinn.

„Þetta er það sem ég þarf að lifa með. Það koma góðir tímar og slæmir en þessi meiðsli munu fylgja mér út minn feril. Ég læri sífellt betur inn á þetta og hvernig ég get stjórnað álaginu. En ég held að ég verði aldrei laus við þetta. Því miður,“ segir Margrét Lára hreinskilin.

### Refsað eftir Algarve

Hún fór með landsliðinu til Algarve í febrúar þar sem hún spilaði tvo heila leiki á tíu dögum auk þess sem hún æfði milli leikja. Það var mikið álag.

„Það verður að teljast nokkuð gott í mínu tilfelli en mér var svo „refsað“ þegar ég kom heim. Þá þurfti ég að taka skref til baka en nú er ég orðin nokkuð góð á ný,“ segir hún en Margrét Lára ítrekar að hún njóti fótboltans sem aldrei fyrr á ferlinum.

„Mér líður mjög vel eins og er. Ég tek bara einn dag og einn leik fyrir í einu og nýt stundarinnar. Ég er landsliðsmaður og fyrirliði og nýt þess í botn að spila fótbolta. Ég hugsa bara jákvætt því annað brýtur mann bara niður. Ef rétta hugarfarið er ekki til staðar þá er þetta töpuð barátta.

### Ætlum að vinna

Ísland er með fullt hús stiga í undankeppninni og vann 2-0 sigur á Hvít-Rússum á Laugardalsvelli í haust. Skotar eru einnig með fullt hús stiga en eftir fimm leiki.

Ísland hefur spilað þrjá en þessi lið mætast í Falkirk þann 3. júní og skiptir því miklu máli að misstíga sig ekki fyrir uppgjörið gegn Skotum.

Kvennalandsliðið hefur áður misstigið sig á útivelli í undankeppnum stórmóta og segir Margrét Lára að það sé víti til varnaðar.



Margrét Lára er klár í Hvít-Rússaleikinn. MYND/HILMAR

> Það koma góðir tímar og slæmir en þessi meiðsli munu sennilega fylgja mér út minn feril.
>
> Margrét Lára Viðarsdóttir

„Við notum þá reynslu á góðan hátt. Við teljum okkur það reynslumiklar og það góðar að við ætlum ekki að leyfa því að gerast aftur. Við berum virðingu fyrir hverjum andstæðingi en förum í hvern leik með það að markmiði að vinna hann. Ef við gerum það ekki þá fyrst eru hættumerkin til staðar,“ segir Margrét Lára Viðardóttir.

## Nýjast

**Domino's-deild kvenna, undanúrslit**

**Haukar - Grindavík 74-39**

**Haukar:** Helena Sverrisdóttir 24/13 fráköst/4 varin, Sylvía Hálfdanardóttir 12/14 fráköst, Shanna Dacanay 9, Pálína María Gunnlaugsdóttir 8, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 4, Auður Íris Ólafsdóttir 4, Þóra Kristín Jónsdóttir 3, Dýrfinna Arnardóttir 2, Hanna Þráinsdóttir 2, Rósa Pétursdóttir 2, Sólrún Gísladóttir 2, María Sigurðardóttir 2.
**Grindavík:** Whitney Michelle Frazier 14/8 fráköst, Ingibjörg Jakobsdóttir 5, Sigrún Elfa Ágústsdóttir 4, Petrúnella Skúladóttir 4, Hrund Skúladóttir 3, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 3/4 fráköst, Björg Guðrún Einarsdóttir 3, .
***Haukar unnu einvígið, 3-2.***

### MAGNAÐUR ÁRANGUR

Gylfi Þór Sigurðsson skoraði sitt níunda mark á almanaksárinu 2016 þegar hann tryggði Swansea City 1-0 sigur á Chelsea í ensku úrvalsdeildinni um helgina.

Aðeins tveir leikmenn hafa skorað fleiri mörk í ensku úrvalsdeildinni á þessu ári en það eru framherjarnir Sergio Aguero hjá Manchester City og Harry Kane hjá Tottenham.

Þeir tveir hafa vissulega skorað fleiri mörk en Gylfi á þessu ári en þeir hafa ekki skorað í fleiri leikjum.

Gylfi hefur aldrei skorað meira en eitt mark í leik og mörkin hans hafa því komið í níu leikjum. Enginn annar leikmaður ensku úrvalsdeildarinnar hefur náð því að skora í níu leikjum á árinu 2016. Gylfi Þór Sigurðsson hefur skorað 11 mörk í 14 leikjum þar af fjögur mörk í síðustu fimm leikjum. Gylfi skoraði í leikjum á móti Manchester United, Sunderland, Everton, West Bromwich Albion, Crystal Palace, Norwich, Bournemouth, Stoke City og Chelsea.



Harry Kane hefur skorað 11 mörk í 14 leikjum á árinu 2016 en hann hefur skorað í átta af leikjunum eða í einum færri en Gylfi.

## Í dag

| | | |
|---|---|---|
| 18.30 | Man. City - PSG | Sport |
| 18.30 | Real Madrid - Wolfsb. | Sport 2 |
| 19.00 | Tindastóll - Haukar | Sport 3 |
| 20.45 | Meistaramörkin | Sport |

NICOTINELL

Afslátturinn gildir af:
• 204 stk. pökkum
• Öllum bragðtegundum
• Öllum styrkleikum

15% AFSLÁTTUR




www.apotekarinn.is

Apótekarinn – lægra verð

FÓLK
KYNNINGARBLAÐ
12. APRÍL 2016 ÞRIÐJUDAGUR

# B-12 VÍTAMÍNSKORTUR GETUR VERIÐ LÍFSHÆTTULEGUR

**Artasan kynnir** B12-Boost frá Better You er áhrifaríkur og náttúrulegur munnúði sem inniheldur hátt hlutfall af B12 vítamíni ásamt krómi og grænu tei. Auðveldasta leiðin til að tryggja hámarksupptöku er að úða því í munnholið en þannig kemst vítamínið hratt og örugglega út í blóðrásina. Úðinn er bragðgóður og líkaminn fær allt það B12 sem þarf.

B12-vítamín er gríðarlega mikilvægt og gegnir margvíslegu hlutverki í líkamanum. „Það er m.a. nauðsynlegt fyrir skiptingu frumnanna en rauðu blóðkornin eru í hópi þeirra frumna sem skipta sér oftast og því veldur B12-vítamínskortur blóðleysi. B12-vítamín er nauðsynlegt fyrir nýmyndun tauganna og spilar því stórt hlutverk í að halda taugakerfinu í lagi sem og heilastarfseminni,“ segir Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi hjá Artasan.

Að sögn Hrannar er B12 það vítamín sem flesta skortir á efri árum og oft er það vegna skorts á efninu „intrinsic factor“ sem er mikilvægt prótein, framleitt í maganum, en það hjálpar til við upptöku. „Það þýðir að þó svo að við borðum dýraafurðir eða tökum vítamíntöflur verður upptaka á B12 og af því leiðir skortur. Óhófleg neysla áfengis, kaffis, kóladrykkja og nikótíns, notkun ýmissa lyfja, m.a. sýrubindandi lyfja, og mikil eða langvarandi notkun sýklalyfja er meðal þess sem getur valdið skorti.“

### MATARÆÐIÐ SKIPTIR MÁLI

B12-vítamín finnst ekki í grænmeti eða jurtum heldur kemur það að stærstum hluta úr matvælum úr dýraríkinu og þá aðallega kjöti, innmat, sjávarafurðum, eggjum, mjólk og osti. „Grænmetisfæði (vegan) þar sem sneitt er hjá öllum dýraafurðum er af mörgum talinn afar heilbrigður lífsstíll en rannsóknir hafa sýnt að fólk sem fylgir þess háttar mataræði getur lent í skorti á ákveðnum lífsnauðsynlegum vítamínum, steinefnum og fitusýrum. B12 er þar á meðal og er vel þekkt að grænmetisætur fái reglulega B12-sprautur til að viðhalda heilbrigði sínu,“ segir Hrönn.






Í ljósi þess að B12-skortur tengist oft vandamálum í meltingarvegi er að sögn Hrannar best að taka það inn í formi munnúða.

### Einkenni B12 skorts geta verið:

- Orkuleysi og slen
- Þreyta, ör hjartsláttur, andþyngsli og svimi
- Náladofi í hand- og fótleggjum
- Hægðatregða, uppþemba
- Þyngdartap
- Erfiðleikar með gang
- Skapsveiflur
- Minnisleysi, þunglyndi og vitglöp (dementia).

> B12 er það vítamín sem flesta skortir á efri árum og getur skortur á því verið lífshættulegur.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir

### BRAGÐGÓÐUR MUNNÚÐI

Í ljósi þess að B12-skortur tengist oft vandamálum í meltingarvegi er að sögn Hrannar best að taka það í formi munnúða. „Upptaka á B12 gegnum slímhúð í munni er örugg og áhrifarík leið til að tryggja líkamanum nægjanlegt magn af B12-vítamíni eða til að verja okkur fyrir B12-skorti.“

B12-munnúðinn frá Better You inniheldur methylcobalamin sem er náttúrulegt form þessa vítamíns og einmitt það sem er best fyrir okkur að taka. Úðinn er bragðgóður og tryggir að líkaminn fái allt það B12 sem hann þarf á afar auðveldan og einfaldan máta. Hann inniheldur einnig steinefnið Chromium Chloride (króm) sem nýtist öllum og er sérstaklega hjálplegt fólki með efnaskiptavillu og/eða blóðsykurvandamál. Auk þess er að finna grænt te í blöndunni sem eykur orku.



Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi.

> Upptaka á B12 í gegnum slímhúð í munni er örugg og áhrifarík leið til að tryggja líkamanum nægjanlegt magn af B12-vítamíni og til að verja okkur gegn skorti.
>
> Hrönn Hjálmarsdóttir, næringar- og heilsumarkþjálfi

**Fæst í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana.**

VIÐSKIPTAVINURINN HEFUR ALLTAF RÉTT FYRIR SÉR! Fjögur öflug náttúruleg efni frá Mezina




„Sef betur á nóttinni og svefninn er samfelldari.“
*Gunnar Guðmundsson*

„Öflugt við blöðrubólgu og þvagfærasýkingum.“
*Ragnhild Guðrún Friðjónsdóttir*

„Kemur í veg fyrir tíð þvaglát á nóttunni.“
*Guðmundur Einarsson*

„Ég er laus við augnþurrk og pirring í augunum.“
*Edda Snorradóttir*

Fást í flestum apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum verslana.




Guðrún Hólmfríður Ólafsdóttir er dugleg að æfa auk þess að vera með fólk í einkaþjálfun, fjarþjálfun og kenna í hóptímum. „Ég lyfti sex daga vikunnar og reyni svo að taka einhvers konar þolþjálfun að minnsta kosti tvisvar í viku. Þegar ég undirbý mig fyrir mót fjölgar þó æfingum mikið og ég æfi þá ellefu til fjórtán sinnum í viku.“ MYND/ANTON BRINK

# ALGJÖR NAMMIGRÍS

Enginn dagur er eins hjá **Guðrúnu Hólmfríði Ólafsdóttur**, einkaþjálfara, og er dagbókin því ein af hennar bestu vinkonum. Hún þjálfar í Reebok fitness, æfir sjálf mikið og stundar nám í HR. Ef hún vissi ekki betur myndi hún skipta út öllum mat fyrir nammi.

Guðrún Hólmfríður Ólafsdóttir, einkaþjálfari og hóptímakennari hjá Reebok fitness, stundar líkamsrækt sex til átta sinnum í viku enda er líkamsrækt hennar helsta áhugamál. Guðrún hefur keppt í fitness frá árinu 2004 en stærsti sigur hennar var á Íslandsmeistaramótinu árið 2014 þegar hún varð heildarsigurvegari í fitness kvenna. „Í dag er ég í smá fríi frá keppnum, æfi þó alltaf stíft og stefni á að keppa árið 2018 ef allt gengur eftir. Ég lít svo á að bestu árin mín í fitness séu eftir og ætla ég að taka góða keppnisskorpu þegar ég kem aftur inn eftir pásu.“

Guðrún fær sér yfirleitt eggjapönnuköku eða chia-graut í morgunmat. Ég undirbý matinn alltaf daginn áður til að auðvelda mér lífið á morgnana,“ segir hún en uppskriftina að eggjapönnukökunni má finna hér til hliðar.

**Hvernig æfir þú?** Ég lyfti lóðum, geri þrekæfingar og sprikla í hóptímunum sem ég kenni. Ég lyfti sex daga vikunnar og reyni svo að taka einhvers konar þolþjálfun að minnsta kosti tvisvar í viku. Þegar ég undirbý mig fyrir mót fjölgar þó æfingum mikið og ég æfi þá ellefu til fjórtán sinnum í viku. Ég er líka með þrekhjól heima sem er fínt að fá útrás á yfir góðum sjónvarpsþætti. Á sumrin reyni ég að fara líka út að hjóla, ganga Esjuna eða skokka, en viðurkenni þó að ég á oft erfitt með að koma mér af stað í það. Hluti af markmiðum mínum fyrir þetta ár er að vera dugleg að hreyfa mig úti.

**Notar þú fæðubótarefni/hvaða?** Ég nota fæðubótarefni frá Sportlífi en daglega nota ég 100% Whey Protein annað hvort frá Stacker eða Scitec. Mín uppáhalds eru vanillu frá Stacker sem ég bæti smá kanil út í og karmellu frá Scitec. Í undirbúningi fyrir mót þegar mataræðið verður stífara nota ég glútamin, creatine og CLA og BCAA.

## Dæmigerður dagur hjá Guðrúnu:

**5.30** Vakna og geri mig klára í daginn (borða yfirleitt morgunmatinn í bílnum á leiðinni í vinnuna).
**6.30-10.30** Þjálfa í Reebok fitness.
**10.00** Millimáltíð (yfirleitt ávöxtur og próteinshake) og æfi sjálf.
**12.00** Þjálfa í Reebok fitness.
**13.00-15.30** Skólinn, ég stunda meistaranám í heilsuþjálfun og kennslu í HR (hádegismaturinn borðaður í tíma, yfirleitt kjúlli eða túnfiskur og salat).
**16.00** Sæki strákinn minn á leikskólann og heim að borða millimáltíð.
**17.00** Fer með strákinn á fótboltaæfingu eða fer sjálf að kenna í Reebok fitness.
**19.00** Kvöldmatur og undirbý næsta dag.
**22.30** Reyni yfirleitt að koma mér í háttinn í seinasta lagi hálf ellefu ef ég þarf að vakna snemma.

### EGGJAPANNSA GUÐRÚNAR:

1 dl haframjöl
2 dl eggjahvítur
15 g vanilluprótein
1 tsk. kanill
10 rúsínur
Allt hrært saman og steikt á pönnu við lágan hita.

> Skemmtilegustu æfingardagarnir mínir eru þegar ég tek axlir, fætur og rass. Ég tek axlaæfingar einu sinni til tvisvar sinnum í viku en fætur og rass allt að þrisvar.
>
> Guðrún Hólmfríður Ólafsdóttir

**Hvað finnst þér gott að fá þér í kvöldmat?** Við strákurinn minn eigum okkur uppáhaldssalat sem hann kallar „salatið okkar“, í því er iceberg, gúrka, paprika, vínber, kjúklingabringa, kotasæla, fetaostur og sítrónupipar. Mjög einfalt en sjúklega gott.

**Hvað finnst þér gott að fá þér í millimál?** Uppáhalds millimálið mitt er grísk jógúrt með sykurlausu rifsberjasírópi og frosnum berjum eða epli.

**Hvað færðu þér þegar þú ætlar að gera vel við þig?** Svartan Doritos og sýrðan rjóma, það er bara eitthvað við þetta kombó sem gerir mig glaða.

**Ertu morgunhani eða finnst þér gott að sofa út?** Ég er morgunhani en um helgar þá sef ég til 8 eða 8.30 og það finnst mér voða fínt. Ef ég sef lengur þá líður mér eins og ég hafi tapað hluta af deginum.

**Uppáhaldsæfingin?** Skemmtilegustu æfingadagarnir mínir eru þegar ég tek axlir, fætur og rass. Ég tek axlaæfingar einu sinni til tvisvar sinnum í viku en fætur og rass allt að þrisvar, þar af eru tveir buttlift-tímar sem ég kenni í Reebok fitness.

**Drekkur þú kaffi?** Ég drekk kaffi og eiginlega alltof mikið af því. Það er einhvers konar stund milli stríða hjá mér þegar ég fæ mér kaffi.

**Ertu nammigrís?** Ég er algjör nammigrís og ef ég vissi ekki betur þá mundi ég skipta út öllum mat fyrir nammi.





Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770




MILT
MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA KL. 17:45




SPJALLÞÁTTADROTTNINGIN ELLEN ER MÆTT Á STÖÐ 2
365.is | Sími 1817 365


**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Svanur Valgeirsson** | Umsjónarmenn efnis: **Sólveig Gísladóttir,** solveig@365.is, s. 512 5351, **Vera Einarsdóttir,** vera@365.is, s. 512 5357 | Sölumenn: **Atli Bergmann,** atlib@365.is, s. 512 2447, **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434, **Jóhann Waage,** johannwaage@365.is, s. 512 5439, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@365.is, s. 512 5429

# ALLT INNIFALIÐ

## MEÐ ÖLLUM LEGSTEINUM



149.000 KR.
ÁÐUR: 227.050 KR.

270.000 KR.
ÁÐUR: 351.550 KR.

369.000 KR.
ÁÐUR: 483.350 KR.

304.000 KR.
ÁÐUR: 402.350 KR.

PANTAÐU SNEMMA OG FÁÐU STEININN
TÍMANLEGA SETTAN UPP FYRIR SUMARIÐ



329.000 KR.
ÁÐUR: 433.350 KR.

313.000 KR.
ÁÐUR: 413.350 KR.

385.000 KR.
ÁÐUR: 503.350 KR.

## ÖLL OKKAR VERÐ MIÐAST VIÐ FULLBÚINN STEIN MEÐ UPPSETNINGU

### ÞARF AÐ ENDURNÝJA LETRIÐ Á STEININUM?

GRANÍTHÖLLIN TEKUR AÐ SÉR AÐ HREINSA OG ENDURMÁLA LETUR Á LEGSTEINUM. EINNIG TÖKUM VIÐ AÐ OKKUR AÐ RÉTTA AF LEGSTEINA SEM ERU FARNIR AÐ HALLA.




BÆJARHRAUNI 26,
HAFNARFIRÐI

Graníthöllin
Legsteinar

SÍMI 555 3888
GRANITHOLLIN.IS

## BÍLAR & FARARTÆKI

NETBÍLAR www.netbilar.is



**GLÆSILEGUR AUDI Q5 SEM NÝR**

AUDI Q5 quattro v6t. Árgerð 2015, ekinn 4 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur 7 gírar. Verð 8.690.000. Rnr.213423. Bíllinn glæsilegi er á staðnum í núpalind 1 kópavogi

**Netbílar.is**
**Núpalind 1 .Lindum Kópavogi, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

BORGARBÍLASALAN
580 8900 • borgarbilasalan.is



**VEIÐIBÍLLINN Í SUMAR!!**

'04 LAND ROVER DISCOVERY TDI. EK 299Þ, DÍSEL, SJÁLFSK. ÁSETT 1.280 ÞÚS. ER Í VEIÐILITUNUM! #450999. S: 580 8900



**EKKI JEPPI NEMA HANN SÉ JEEP!!**

'06 JEEP WRANGLER RUBICON 4X4. EK 85Þ, BENSÍN, SJÁLFSK. GÓÐ 38" DEKK. VERÐ 3.990 ÞÚS. #470267. S: 580 8900



**KRÖFTUGI & HAGKVÆMI DÖMUBÍLLINN!!**

'12 LAND ROVER RR EVOQUE DYNAMIC. EK 44Þ, STÆRRI DÍSELVÉLIN, 6 ÞREPA SJÁLFSK. ÁSETT 7.380 ÞÚS. #451181. S: 580 8900

**Borgarbílasalan**
**Funahöfða 1, 110 Reykjavík**
**Sími: 580 8900**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



TOYOTA Auris sol hybrid. Árgerð 2011, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.690.000. Rnr.991677.



FORD Mondeo titanium station. Árgerð 2012, ekinn 128 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.991665. Tilboð kr: 2.550.000,-



MERCEDES-BENZ B 220 CDI. Árgerð 2014, ekinn 33 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 4.990.000. Rnr.161331. Tilboð kr: 4.490.000,-



Kia Sportage EX 4 wd. world cup.. Árgerð 2014, ekinn 27 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 5.490.000. Rnr.290130. 5 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

SUZUKI



**SUZUMAR GÚMMÍBÁTAR**

Uppblásnir slöngubátar með álgólfi og mikla burðargetu. Til i stærðum frá 2,9m - 4,2m.   Verð frá 255.000.- kr.

**SUZUKI UMBOÐIÐ ehf**
**Skeifunni 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**suzuki@suzuki.is**
**Suzuki.is / suzukisport.is**

100 bílar bílasala



Hyundai Tucson Premium, 1/2016, nýr bíll, dísel, stærri vélin 185 hö, 19" felgur, mjög flottur bíll, panoramaþak, íslenskt leiðsögukerfi, ásett verð 6950 þús, er á staðnum, raðnr 152318. Eigum einnig til steingráa bíla líka.

**100 bílar ehf**
**Í miðbæ Mosfellsbæjar,**
**Sími: 517 9999**
**Opið 10-18.00 virka daga og laugardaga 11-15**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



Kia Ceed, dísil bs, 07/14, ek aðeins 17 þús km. 17" álfelgur. Toppbíll. Rúm 5 ár eftir í ábyrgð. Verð 2.850 þús. Uppl í s. 825 2424



**EINN FLOTTUR Í SUMAR!**

BMW 3 e92 2008, ek. 98þús. Vel með farinn, snyrtilegur bíll og vel þjónustaður allir þjónustupappírar fylgja með. Verð 3890þús, skoða staðgreiðslutilboð eða skipti á 4x4 lúxusbíl. Gunnar sími 772-3838 eða gdkristinsson@gmail.com

## 250-499 þús.



VW Polo 1,2. Árg. 2002. Ek. 184 þ. Beinsk. Nýtt í bremsum. Nýleg heilsársdekk. Nýsk. án athugasemda. Ekkert ryð. Verð 390.000 kr. Uppl í 7756511



**SPARIBAUKUR !!!**

VW polo árg. '04 ek. 152þús nýskoðaður 5 dyra beinsk. Ásett verð 590þús TILBOÐ 450 ÞÚS möguleiki á 100% vísaláni s.841 8955

## 500-999 þús.



**TILBOÐ 790 ÞÚS**

SUBARU LEGACY 4X4 WAGON árg 2004 ek.218 þús, sjálfskiptur, ny skoðaður 17 nýtt bremsum ofl. heilsársdekk, ásett verð 990 þús TILBOÐ 790 þús vísalan í boði í 36 mán s.841 8955

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**




## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

# PJÓNUSTA

## Pípulagnir

**PÍPULAGNIR**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð.

Uppl. í s. 699 6069 & 663 5315.

## Garðyrkja

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga og klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

Felli tré, grisja og klippi runna. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215

## Bókhald

HSE Bókhald & Uppgjör slf

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta

www.hsebokhald.is

hsebokhald@hsebokhald.is

Sími: 6926910

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**REGNBOGALITIR**

Þakmálun, útimálun, múrviðgerðir. Innimálun, spörtlun, viðhaldsþjónusta. Vönduð vinnubrögð og snyrtimennska. S.891 9890 malarar@simnet.is

**MÁLNINGI**

Alhliða málningarþjónusta. Fagmennska og vönduð vinnubrögð. Sími 659-2959 ingimalari@maxco.is

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Nudd

**NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 695 9434, Zanna.

## Spádómar

Spái í spil, tek fólk heim, spái einnig í gegnum síma. Tímap. í s. 445 8787.

## Húsaviðhald




**NÚ ER RÉTTI TÍMINN FYRIR VIÐHALD**

Við tökum að okkur allt viðhald og sólpallasmíði. Valur Kristjánsson húsasmíðameistari. Sími 770 7788

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**

Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Önnur þjónusta



**VALDÍS ÁRNADÓTTIR DÁLEIÐSLUTÆKNIR (CLINICAL HYPNOTHERAPIST) VEITIR DÁLEIÐSLUMEÐFERÐ.**

Viltu léttast, takast á við kvíða, streytu, sjálfstraust, hætta að reykja o.fl. Dáleiðsla er gott verkfæri til betri heilsu.

**Tímapantanir í síma 864-1273**

# KEYPT & SELT

## Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið mán - lau 11-17, Kringlan - 3. hæð (Hagkaupsmegin)**

**Upplýsingar í síma 661 7000**

## Nudd

**TANTRA NUDD**

Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. S. 698 8301 www.tantratemple.is

Slökunarnudd. Nuddstofan, opið frá 09-19 og á laugardögum. S. 854 3454 og 555 0939.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**

**STARFSMANNABÚSTAÐIR FYRIR VERKTAKA, LÁGMARKSALDUR 25 ÁRA.**

Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 55.000 á mán. Rent a room price from 55.000 kr. per month.

**gsm 777 1313**

**leiga@leiguherbergi.is**

**TIL LEIGU, AÐEINS KR. 1250 KR FM!**

120 - 280 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.

**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

## Geymsluhúsnæði

Óskum eftir ca. 30 fm upphituðu geymslu/iðnaðarplássi fyrir verkfæri og tæki iðnaðarmanna. Verðhugmynd 30 - 50 þúsund. Þorsteinn 893-6994

**FYRSTI MÁNUÐUR FRÍR WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Og ódýrt eftir það. Stærðir 1 til 17 m2. Nýtt, upphitað og vaktað. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**

**SÍMI 555-3464**

Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 25% afsláttur. www.geymslur.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**FIRMA SSVERK.**

zatrudni pracowników do prac ziemnych przy ukladaniu swiatlowodów. Oferujemy duzo pracy i duzo nadgodzin. prosze dane i tel wyslac mailem na zircon@simnet.is & 847 7663

**SÍMSÖLUMENN**

óskast í úthringiver á kvöldin.

Frekari upplýsingar má nálgast í síma 868-2989 eða með tölvupósti á netfangið magnus@kml.is

**DÝRABÆR ÓSKAR EFTIR STARFSMANNI Í HLUTASTARF.**

Viðkomandi þarf að hafa góða þekkingu á dýrum, vera 20 ára eða eldri og tala íslensku. Vinnutími er 4 tímar á dag virka daga og önnur hver helgi, auk afleysinga í sumar. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til 15.04 n.k.

**Umsóknir sendist til dyrabaer@dyrabaer.is**

**Dýrabær er reyklaus vinnustaður.**

Vantar mann vanan húsamálun í Uppl. í síma 896 3982

Garðyrkjufyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir duglegum starfsmanni með bílpróf sem getur hafið störf strax. Einnig óskum við eftir sumarstarfsmönnum. Umsókn ásamt ferilskrá sendist á netfangið hreinirgardar@gmail.com

GSG ehf. óskar eftir mjög öflugum starfsmanni í vinnu. Mikil vinna í boði fyrir réttan aðila. Aðallega er um að ræða málun á bílastæðum og vegmerkingum. Frekari upplýsingar og umsóknir á thorvardur@gsg.is

**VANTAR ÞIG STARFSMENN?**

Erum með iðnaðarmenn og almenna verkamenn á skrá sem geta byrjað fljótlega. Einnig bílstjóra með meirapróf

Við finnum réttu mennina fyrir þig.

Verkleigan sími:780-1000
e: vinna@verkleigan.is

## Atvinna óskast

**VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA JÁRNABINDINGAMENN?**

Höfum á skrá menn sem óska eftir mikilli vinnu og geta hafið störf nú þegar.

**Proventus starfsmannaþjónusta - Proventus.is S. 782-8800**

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Maður um fertugt óskar eftir að kynnast konu milli 30-50 með samband í huga, opin f. öllu. Skiljið eftir nafn og símanr. á bjarkibfs@gmail.com

## atvinna

BLIKKÁS - FUNI

**Blikkás ehf. óskar eftir að ráða blikksmiði og aðstoðarmenn í alla almenna blikksmíðavinnu.**

Nánari upplýsingar gefur verkstjóri í síma 515-8712 eða á netfangið verk@blikkas.is

## tilkynningar

**Breyting á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020**

**Lóðin Kerhamrar í landi Múla - breytt landnotkun**

Sveitarstjórn Djúpavogshrepps samþykkti þann 10. mars 2016 tillögu að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Djúpavogshrepps 2008 - 2020 samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að lóðinni Kerhömrum er breytt úr íbúðarhúsalóð í lóð fyrir verslun og þjónustu. Jafnframt er afmörkun lóðarinnar breytt til samræmis við hnitasetningu frá mars 2016. Greinargerð með rökstuðningi er á uppdrætti dags. 10. mars 2016 í mkv. 1:50.000.

Breytingin hefur verið send Skipulagsstofnun til staðfestingar. Þeir sem óska nánari upplýsinga geta snúið sér til undirritaðs.

*Sveitarstjóri Djúpavogshrepps*

## fundir

# Aðalfundur Farfugla

Aðalfundur Bandalags íslenskra Farfugla verður haldinn mánudaginn 18. apríl n.k. kl. 20.00 í **Farfuglaheimilinu í Laugardal, Sundlaugavegi 34.**

Venjuleg aðalfundarstörf og lagabreytingar.

***Stjórnin.***

## fasteignir

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Hvassaleiti 44. Efri sérhæð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




154,7 fm. efri sérhæð að meðtöldum tveimur sér geymslum og sér þvottaherbergi auk 54,0 fm. bílskúrs á tveimur hæðum þar sem neðri hæð hefur verið innréttuð sem stúdíóíbúð og er með sérinngangi af bakóð hússins. Íbúðin hefur verið þó nokkuð endurnýjuð á sl. árum, m.a. baðherbergi, gestasnyrting og eldhús. Stór stofa með gluggum til vesturs og suðurs og útgengi á skjólsælar svalir til suðurs. Húsið að utan var viðgert og málað fyrir um 10 árum. **Verð 64,9 millj. Verið velkomin.**

**Helluvað 7. 4ra herbergja útsýnisíbúð.**

**Eignin verður til sýnis í dag frá kl. 17.15 – 17.45**




Útsýnisíbúð með suðursvölum í fjölbýlishúsi á mörkum Elliðavatns, Heiðmerkur og Rauðavatns. Sér bílastæði í lokaðri bílageymslu. Eingöngu tvær íbúðir á hverri hæð. Útsýni frá eigninni er óviðjafnanlegt. Til suðurs að Bláfjöllum, yfir Heiðmörk og Elliðavatn frá stórum suður svölum og stofu. Íbúðin er öll innréttuð á afar vandaðan og smekklegan máta. Góð aðkoma. Sameign snyrtileg. **Verð 44,5 millj. Verið velkomin.**

## Merkisatburðir



**1912** Farþegaskipið Titanic leggur upp í sína fyrstu og einu ferð.
**1919** Átján manns farast í snjóflóðum við Siglufjörð og síldarverksmiðja gjöreyðileggst.
**1931** Knattspyrnufélagið Haukar er stofnað í Hafnarfirði.
**1961** Júrí Gagarín fer fyrstur manna út í geim.
**2010** Rannsóknarnefnd Alþingis birtir skýrslu í níu bindum um aðdraganda og orsakir hrunsins.

# Ætlar að finna gamlan séns

**Sigríður Þorvalds leikkona stakk af til Færeyja í gær til að fagna sjötíu og fimm ára afmæli sínu í dag og athuga hvort eitthvað hafi breyst frá því hún kom þangað fyrir 50 árum.**

„Það er svo mikill hávaði hér að ég heyri varla í þér,“ segir Sigríður Þorvaldsdóttir leikkona, stödd úti á Keflavíkurflugvelli að flýja land áður en sjötíu og fimm ára afmælið brestur á. „Ég er á leið til Færeyja, er bara í biðröð að flugvélinni,“ segir hún hlæjandi – en er til í að spjalla við mig þar til röðin kemur að henni að sýna farseðil og skilríki.

Af hverju Færeyjar? „Ég held það séu 50 ár frá því ég var þar síðast svo það er orðið tímabært. Þá hitti ég mömmu og pabba þar. Pabbi var að spila þar með hljómsveit á fiðluna sína. Við stoppuðum í heila viku og það var spilað og sungið og dansað allan tímann. Alveg meiriháttar skemmtilegt.“

Hún segir Færeyinga hafa getað talað íslensku fyrir 50 árum, eða að minnsta kosti gert sitt besta til þess. „Þeir spurðu hvort ég væri frá Svíþjóð? Nei, svaraði ég. „Gott, ertu frá Noregi?“ spurðu þeir og fengu aftur nei. „Gott, heyrðu þú ert íslensk,“ hrópuðu þeir þá glaðlega og eftir það var ég alls staðar velkomin ásamt foreldrum mínum. Ég man eftir ungum manni sem gaf mér armbönd og reyndi að kyssa mig. Ég varð bara pirruð en nú ætla ég að leita að honum – djók!“

Eru stelpurnar með þér? „Nei, nei, ég er bara ein. En þær vita af þessu flippi. Dísella, dóttir mín, var að syngja í Færeyjum og bjó á hóteli þar sem hún heyrði kind jarma utan við gluggann þegar hún vaknaði. Þangað stefni ég núna, einmitt í þannig umhverfi vil ég gista.“

**gun@frettabladid.is**



**Sigríður hlakkar til að blanda geði við frændur okkar Færeyinga.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

---



Ástkær faðir okkar,
tengdafaðir, afi og langafi,
**Jónas Pétursson**
bóndi,
frá Syðri-Hól, Vestur-Eyjafjöllum,
lést í faðmi fjölskyldunnar á hjúkrunarheimilinu Lundi
þann 3. apríl síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Ásólfsskálakirkju
föstudaginn 15. apríl kl. 14.00.

**Auðunn Óskar Jónasson** — **Kolbrún Einarsdóttir**
**Katrín Björg Jónasdóttir**
**Hrefna Magnúsdóttir** — **Jón Ágústsson**
**Jóna Bergþóra Sigurðardóttir** — **Guðmundur Vigfússon**
**Sigríður Steinunn Auðunsdóttir** — **Eggert Sigursveinsson**
**Ágústa Katrín Auðunsdóttir** — **Brynjar Jóhannsson**
**Sigurbjörg Guðmunda Borgþórsdóttir**
**Guðrún Jóna Ingvarsdóttir**
**og langafabörn.**

---



Elskulegur faðir okkar,
tengdafaðir og afi,
**Þorlákur Halldór Arnórsson**
frá Ísafirði,
lést á Hrafnistu í Hafnarfirði 5. apríl.
Útför hans fer fram frá
Hafnarfjarðarkirkju miðvikudaginn
13. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á
Styrktarfélag krabbameinsveikra barna eða Ljósið.

**Bárður Guðmundsson** — **Ingibjörg Júlíusdóttir**
**Svanur Þorláksson**
**Þröstur Þorláksson** — **Elsý Sigurðardóttir Hammer**
**Gestur Þorláksson**
**Unnur Þorláksdóttir** — **Unnar Hjaltason**
**barnabörn og fjölskyldur.**

---





*Útfarar- og lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

**Útfararstofa kirkjugarðanna**
Vesturhlíð 2 Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**


---



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Kristín Sigurðardóttir**
Austurbrún 2, Reykjavík,
lést á Hrafnistu í Reykjavík að kvöldi
31. mars. Hún verður jarðsungin frá
Garðakirkju á Álftanesi þriðjudaginn
19. apríl kl. 13.00.

**Þorvaldur Þorvaldsson** — **Sigrún Sigurðardóttir**
**Árni Þorvaldsson** — **Katrín Kristinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og systir,
**Hildur Hákonardóttir**
Selsvöllum 4, Grindavík,
lést á Landspítalanum v/Hringbraut,
miðvikudaginn 6. apríl.
Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju,
fimmtudaginn 14. apríl kl. 13.00.

**Þorgeir Guðmundsson**
**Vigdís Elva Þorgeirsdóttir** — **Þröstur Árnason**
**Svanhildur G. Þorgeirsdóttir** — **Björn Ingvar Guðbergsson**
**Brynjar Freyr Þorgeirsson**
**Helga Guðný Þorgeirsdóttir**
**barnabörn og Helga Hákonardóttir**

---



Þökkum auðsýnda samúð
og vinarhug við andlát og útför
**Guðnýjar Ó. Halldórsdóttur**
Háteigi.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Halldór Teitsson** — **Ásta E. Hjaltadóttir**
**Guðrún H. Teitsdóttir**
**Ágúst Már Gröndal** — **Anna Guðný Gröndal**

---



